

Innbyggð í afgreiðslu þessara umsókna í starfsmannaviðmóti er svo umsókn forsjáraðila til sveitarfélags um greiðslu með barni í skóla utan lögheimilissveitarfélags, í sjálfstætt starfandi skóla eða alþjóðaskóla.

Samræmd innritun markar vatnaskil þegar kemur að því að tryggja áreiðanlegar upplýsingar um alla nemendur íslenskra grunnskóla. Með þessu fyrirkomulagi skapast jafnframt margbættur ávinningur fyrir skólastjórnendur, svo sem:

- Sjálfvirkar uppfærslur á nemendalistum
- Sjálfvirk tenging við Ískrá skólahjúkrunarfræðinga
- Sjálfvirk tenging við Gegni fyrir útgáfu bókasafnsskírteina
- Sjálfvirk skil á nemendaupplýsingum til Hagstofu
- Sjálfvirkar uppfærslur í námsumsjónarkerfum (s.s. Námfús og Mentor)


Allt ofangreint er til þess fallið að spara skólastjórnendum og starfsfólki þeirra dýrmætan tíma með minna skrifræði, auk þess að tryggja að engar umsóknir falli milli skips og bryggju. Þá er stjórnarsýslubyrðinni sem hvílir á herðum forsjáraðila í umsóknarferlinu létt sem um munar með einfaldara umsóknarumhverfi og samræmdum afgreiðsluferlum þvert á sveitarfélög.

Loks er tilkoma Nemendagrunns einnig grunnforsenda þess að sveitarfélög og skólar geti lagt fyrir lesfimi- og stuðningspróf sem og stöðu- og framvindupróf Matferils sem eru að hluta skyldubundið námsmat og þess vegna er lykilatriði að innleiðing hans gangi sem best fyrir sig.

Ætla má að í einhverjum tilvikum þurfi sveitarfélög að breyta innritunartímabilum en þegar upp er staðið ætti það að verða okkur öllum til hægðarauka og bæta þjónustu við skólakerfið í heild. Vakni einhverjar spurningar eða þörf fyrir frekari upplýsingar er Miðstöð menntunar og skólaþjónustu reiðubúin að liðsinna sveitarfélögum á öllum stigum ferlisins.

Í ljósi þessa biðlum við til sveitarfélaga um að komast að samkomulagi um ofangreint sameiginlegt tímabil fyrir innritun og umsóknir í grunnskóla. Við þökkum fyrir gott samstarf og stuðning við þetta mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllt,


Forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu